

2011

Skýrsla æskulýðsnefndar Harðar



Hestamannafélagið Hörður

10/10/2011

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
Inngangur	3
Æskulýðsnefnd Harðar.....	4
Dagskrá vetrarins	4
Vefsíðan	5
Viðburðadagatal.....	5
Fréttir	5
Skráning á námskeið	5
Námskeið	6
Almennt reiðnámskeið	6
Knapamerkjanámskeið 1. 2. 3.og 4 stig.....	6
Keppnisnámskeið	6
Verkleg kennsla:	7
Bókleg kennsla:.....	7
Félagsstarf	8
Fræðsluferð krakka	8
Hestadagar.....	8
Sveitafitness	8
Fjölskyldureiðtúr.....	8
Bingókvöld.....	9
Landsmót	9
Íslandsmót barna-unglinga og ungmenna.	9
Samantekt.....	10

Inngangur

Æskulýðsnefnd Harðar starfar samkvæmt stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir, veitir t.d. öllum börnum 10 ára og yngri jafna viðurkenningu. Boðið er upp á fjölbreytta fræðslu og skemmtun þar sem bæði er sinnt þeim sem vilja iðka íþróttina sem keppnisíþrótt og einnig sem félagsstarf og áhugamál.

Dagskráin fyrir veturinn 2011 var mjög metnaðarfull og nýleg reiðhöll hefur þegar haft mikil áhrif til hins betra fyrir allt æskulýðsstarf í félaginu. Niðursveifla í þjóðfélaginu var nokkuð merkjanleg árið 2011, færri virtust taka inn hross en almenn er og nokkuð færri börn skiluðu sér á námskeið. Almenn ánægja var með námskeiðahaldið sem var þó með ágætum og eins náðu ungmenni í Herði góðum árangri almennum mótum sem og á Landsmóti sem fór fram í Skagafirði.

Samskiptamiðillinn Facebook var í auknum mæli notaður til samskipta og skipulagningar á námskeiðum og æfingum. Þá nýttu ungmenni sér sölu og dreifingu á N1 kortun til fjáröflunar með góðum árangri.

Æskulýðsnefnd hefur nú ráðið Oddrunu Ýr Sigurðardóttur sem yfirkennara yfir öllum þeim námskeiðum sem eru á vegum nefndarinnar í vetur. Með þessari ráðningu vonumst við til að ná fram enn frekari fagmennsku í starfið á vegum nefndarinnar. Það er skoðun okkar að starf æskulýðsnefndar sé það yfirgripsmikið að til þess að sinna þörfum allra hópa hafi þetta verið vænlegur kostur. Hestamennskan er stunduð af fjölmönnum hópi, sumir eingöngu sér til ánægju og heilsubótar, og aðrir til að keppa og allt þar á milli. Því má sjá fyrir sér að almenna starf nefndarinnar fari í það að eyða meira kröftum sínum í heildina, þ.e. að sameina þessa hópa í leik og starfi, með bingókvöldum, óvissuferðum, fræðslukvöldum, fræðsluferðum, sveitafitness og þar fram eftir götunum.

Hestamannafélagið gaf út á árinu afstöðu Harðar til eineltis og áreitni sem hljóðar þannig: Hestamannafélagið Hörður lýsir því yfir að allir félagsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af viðringu og umhyggju. Einelti, áreitni og vanlíðan í félagsstarfinu er ekki liðið.

Sú nýbreytni var að æskulýðsnefndin stóð fyrir könnunum hjá þátttakendum, annars vegar á suðurlandsferð sem ætluð var yngri kynslóðinni og heimsótt voru 4 hrossabú. Voru það um 9 þátttakendur sem svöruðu af 24 sem tóku þátt í ferðinni. (En geta má þess að á bak við hvert netfang sem sent var voru í 7 tilfellum fleiri en einn) Tilgangurinn með könnuninni var að leitast við að bæta ferðina og taka tillit til óska þeirra sem tóku þátt. Hins vegar var gerð könnun á almennum námskeiðum.

Æskulýðsnefnd Harðar

Í æskulýðsnefndinni veturinn 2010 – 2011 störfuðu 6 manns. Þeir eru :

Katrín Sif Ragnarsdóttir, formaður

Margrét Kjartansdóttir gjaldkeri

Ragnhildur Ösp Sigurðardóttir ritari

Vilhjálmur Þorgrímsson

Arnar Jónsson Aspar

Margrét Sveinbjörnsdóttir

Kristján Jónsson/ Páll Þórhallsson

Ofangreind nefnd tók formlega við starfinu á uppskeruhátíð Harðar 14. janúar 2011 en um miðjan vetur þurfti Kristján að flytja vegna vinnu og því tók Páll Þórhallsson við hans sæti.

Katrín Sif lét svo af formennsku í nefndinni síðsumars eftir að keppnistímabilinu lauk og hefur Ragnhildur Ösp nú tekið við sem formaður nefndarinnar.

Dagskrá vetrarins

24. janúar	Námskeið hófust
12. febrúar	Fræðsluferð krakka
31. mars	Hestadagar
23. febrúar	Bingókvöld
10. apríl	Páskasprell
7. maí	Fjölskyldureiðtúr
26. júní-3.júlí	Landsmót
22.-24. júlí	Íslandsmót
7. desember	Uppskeruhátíð
28. mars	Hestadagar

Þá voru haldnir fundir í nefndinni eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.

Vefsíðan

Viðburðadagatal

Á vefsíðu Harðar voru settar upplýsingar um námskeið fyrir hvern dag og tímasetningu.

Fréttir

Fréttamiðlun var mjög virk og settar inn fréttir og upplýsingar um viðburði auk þess sem Facebook var notað mikið, og reyndist vel að ná til, sérstaklega keppniskrakkanna í gegnum þann miðil. Einnig stofnaði hestamannafélagið Facebook síðu þar sem öllum fréttum var varpað inn ásamt myndum af viðburðum í starfi félagsins.

Skráning á námskeið

Sem fyrr var nýttur sá möguleiki að skrá börn á námskeið sem voru í boði. Auðveldar þetta mjög vinnu fyrir æskulýðsnefnd svo ekki sé talað um að hafa sveigjanleika fyrir foreldra að skrá börnin þegar þeim hentar innan ákveðins tíma í stað þess að mæta á ákveðnum skráningardegi.

Námskeið

Almennt reiðnámskeið

Í vetur var almennum reiðnámskeiðum skipt niður í pollanámskeið, krakkar óvanir, krakkar vanir og almenn reiðnámskeið 12 ára og eldri. Námskeiðin voru með hefðbundnum hætti og miðuð við getu hópanna en mikið byggð á samblandi af leik og kennslu. Kennarar voru Line Norgard og Ragnheiður Þorvaldsdóttir reiðkennarar. Námskeiðunum lauk í lok mars og var þá strax boðið upp á framhaldsnámskeið sem lauk í byrjun maí. Hópunum var skipt í pollahóp, minna vana, mikið vana og meira vana. Einnig var þeim raðað eftir aldri, en það skiptir krakkana oftast en ekki miklu máli að vera með félögum sínum og krökkum á svipuðum aldri, en síður hversu langt þau eru komin. Ragnheiður er orðin kunn hjá krökkunum fyrir skemmtilega og fjöruga leiki sem fær þau sem eru kannski örlítið smeyk til að gleyma sér í kappsemi og gleði við að elta t.d. ímyndaðar rollur. Line var að stíga sín fyrstu skref í kennslu á börnum og kom skemmtilega á óvart í hugmyndaríki sínu, og blandaði skemmtilega saman fræðslu og leik hjá krökkunum. Hún nýtti tækifærin sem komu upp og spanntímana eftir stemmningunni sem var í hverjum tíma. Við lok hvers námskeiðs fengu þátttakendur viðurkenningarplagg og léttar veitingar. Þátttakendur á námskeiðunum voru rúmlega 30 talsins.

Knapamerkjanámskeið 1. 2. 3. og 4 stig

Knapamerkjanámskeið er sett upp af hrossaræktardeild Hólaskóla – Háskólinn á Hólum. Þetta námskeið er skipt upp í 5 stig. Skipulag, námsefni og próf hvers stigs er einnig sett upp af Hólaskóla sem jafnframt gefur út skírteini.

Nemendur þurfa vera 12 ára (miðað við fæðingarár) eða eldri. Námskeiðið gefur einingar á framhaldsskólastigi. Á árinu voru haldin knapamerki 2, 3 og 4 en ekki náðist að keyra stig 1, þar sem ekki var nægilegur fjöldi sem sótti um, en miðað er við ekki færri en 4 í hóp.

Þessi námskeið eru bæði bókleg og verkleg og þurfa knapar að taka próf í hvoru tveggja í lok hvers stigs. Prófdómari í vetur voru Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Ragnheiður Þorvaldsdóttir.

Kennsla fyrir knapamerki var í höndum Ragnheiðar Þorvaldsdóttur og Line Norgard. Fjöldi nemenda í öllum námskeiðunum voru 12 talsins.

Keppnisnámskeið

Kennarar á keppnisnámskeiði veturinn 2011 voru þau Reynir Örn Pálmason og Súsanna Ólafsdóttir og er það annar veturinn í röð sem þau sjá um keppnisnámskeiðin hjá félaginu. Það er okkar reynsla eftir 2ja ára fyrirkomulag að kennsla í formi einkakennslu/einstaklingsmiðuð gefist best og sé vænlegust til árangurs.

Fjöldi nemenda voru 16 talsins.

Verkleg kennsla:

- Þjálfun í ásetu og stjórnun
- Fimíæfingar
- Hægri og vinstri áseta
- Gangtegundir
- Hraðabreytingar
- Reglur í keppni, annars vegar gæðingakeppni og hinsvegar íþróttakeppni
- Upphitun hrossa fyrir keppni
- Mismunur á hrossum, hvað þarf að gera með hestana til þess að ná sem mestu út úr þeim
- Gangtegundir. Hvað verið er að leita eftir í keppni
- Uppsetning á dagskrá fyrir hverja keppni og hvernig er best að stilla því upp m.v. getu hestsins.
- Þrekþjálfun hesta
- Viðhaldsþjálfun hesta
- Teymingar við þjálfun

Bókleg kennsla:

- Gangtegundir
- Teknar voru myndbandsupptökur af þátttakendum á velli og á mótum og þær skoðaðar og metnar í hóptímum m.t.t. hvað mátti betur fara og hvað var vel gert.

Félagsstarf

Fræðsluferð krakka

Farin var okkar árlega fræðsluferð og það þessu sinni um suðurlandið. Farið var með rútu, og heimsóttum við fjögur hestabú og tamningastöðvar. Byrjað var á því að fara að Bakkakoti, þar sem Guðmundur Björgvinsson tók á móti okkur. Þaðan lá leið okkar til Hinna og Huldu á Árbakka og fengum við að sjá marga fræga stóðhesta. Þá var haldið til Sigga Sig. okkar ágæta Harðarmanns í Þjóðólfshaga. Hann sýndi og sannaði að hann er ekki bara snillingur á hrossin heldur fangaði hann athygli og áhuga krakkana svo um munaði. Við enduðum svo ferðina hjá Sigga Sæm. á Skeiðvöllum.

Hestadagar

Hestadagar voru haldnir í fyrsta sinn í Reykjavík og var mikil þátttaka frá Herði, ungmennin létu sig ekki vanta í skrautreið hestamannafélaganna í miðborginni og riðu Harðarkrakkar í fararbroddi. Þá voru Harðarkrakkararnir með sýningaratriði í Víðidalnum á meðan á Hestadögum stóð, en atriðið skipulögðu þau, æfðu og framkvæmdu með frábærum árangri. Tókst samvinna þeirra ótrúlega vel, og fengu þau að stjórna lagavali ásamt því að setja saman atriðið og ákveða búninga. Erum við stolt af áhuga krakkana og þau frumkvæði sem þau sýndu í þessu verkefni og gleðin sem skein úr andlitum þeirra þegar afraksturinn var sýndur.



Sveitafitness

Í apríl var haldið Sveitafitness sem kom í staðinn fyrir Páskaratleikinn og var með breyttu sniði, haldið inni og ekki á hestbaki. Þrautirnar voru meðal annars pokahlaup, hjólböruhlaup, eggjahlaup, stígvélakast, dekkjarall og reipitog.

Góð þátttaka var og mæltist þetta mög vel fyrir, hentar þetta fyrirkomulag svo vel vegna þess að litlir sem stórir og vanir sem óvanir geta allir tekið þátt. Óhætt er að segja að allir stórir sem smáir skemmtu sér vel og mikið var um glens og grín. Fengu allir páskaegg í lokin, en vinningsliðið fékk þó stærri stærð af eggjum.

Fjölskyldureiðtúr

Þann 7. maí var farinn hinn árlegi fjölskyldureiðtúr Hestamannafélagsins.

Það er komin hefð fyrir því að fjölskyldureiðtúrin er farinn til Badda á Hraðastöðum. Samtals tóku um 30 manns þátt í reiðinni og fleiri komu akandi og áttu allir gleðilega stund saman.



Á Hraðastöðum eru að vanda ýmsar dýrategundir sem hægt er að berja augum og fá að halda á ungvíðinu s.s. lömb, hvolpar, kanínur, kettlingar og svín, svo eitthvað sé nefnt.

Hestarnir fengu að fara út á tún meðan knapar gæddu sér á hamborgara og pylsum á milli þess sem dýrin voru skoðuð.

Óhætt er að segja að dagurinn hafi verið ánægjulegur fyrir þá sem tóku þátt enda gaman að hittast og sjá eitthvað nýtt.

Bingókvöld

Haldið var bingókvöld og höfðu nefndarmenn fengið fullt af flottum vinningum, og margir tilbúnir að styrkja og erum við þeim þakklát. Þátttakan var með ágætum og vonast nefndin til að það verði hefð fyrir bingókvöldum því alltaf má bæta félagsandann og fá fólk, líka litla fólkið, til að hittast. Maður er jú manns gaman.

Landsmót

Mikill metnaður var hjá félaginu að standa og styðja þétt við bakið á þeim keppendum í barna-, unglinga- og ungmennaflokki sem tóku þátt í landsmóti. Einnig var okkur í mun að þau yrðu meðvituð um það að þau væru hópur að fara saman á landsmót fyrir hönd félagsins og ættu því að vanda sig í allri framkomu bæði innan vallar og utan. Kennararnir af keppnisnámskeiðinu, þau Reynir og Súsanna fylgdu hópnum alla leið að keppnisvellingum. Eftir úrtökumót var sérstakt námskeið fyrir þau sem ætluðu á landsmót, og fóru æfingarnar fram úti á velli. Æskulýðsnefndin tók á leigu húsnæði ásamt hesthúsi að Hjaltastöðum, og stefnt var með hópinn þangað á fimmtudegi. Voru þau þar í fríu húsnæði og fæði ásamt því að þau fengu frían flutning fyrir hrossin og frítt inn á landsmót. Þetta rausnarlega framlag til keppanda skýrðist m.a. af því að landsmótið frestaðist um ár og því skapaðist fjárhagslegt svigrúm til að aðstoða þau með þessum hætti. Var síðan farið á tvær æfingar með þjálfurum fyrir keppni. Þjálfarar fylgdu krökkunum í upphitun fyrir keppni, og voru flestallir mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Íslandsmót barna-unglinga og ungmenna.

Að þessu sinni var íslandsmótið haldið af Mánamönnum í Keflavík. Haldið var sérstakt námskeið fyrir þá krakka sem ætluðu að taka þátt í því. Súsanna var þar til taks fyrir þá sem óskuðu aðstoðar. Það er trú okkar að með því að þjálfarinn sem kennir þeim um veturinn fylgi þeim alla leið á mót náum við að hjálpa þeim krökkum eins og hægt er fram að keppni. Árangur Harðarkrakkanna var með miklum ágætum og hampaði stúlka í barnaflokki íslandsmeistaratitlinum í 4gangi. Á laugardeginum tók einn aðstandandi sig til og hóaði keppnishópnum saman í súpu og kruðerí í einu hesthúsinu til að efla enn frekar samheldni og félagsandann.

Yfirkennari æskulýðsstarfs

Æskulýðsnefnd hefur nú ráðið Oddrúnu Ýr Sigurðardóttur sem yfirkennara yfir öllum þeim námskeiðum sem eru á vegum nefndarinnar í vetur. Hún mun meðal annars sjá um ráðningu kennara, umsjón með allri kennslu á vegum nefndarinnar, fyrirlestra ásamt ráðgjöf við börn, foreldra og kennara nefndarinnar. Með þessari ráðningu vonumst við til að ná fram enn frekari fagmennsku í starfið á vegum æskulýðsnefndarinnar.

Við hlökkum til að hefja starfið og vonum að sem flestir eigi eftir að finna sér námskeið við hæfi og hafa það gaman með okkur í vetur.

Samantekt

Það er von okkar að með ráðningu Oddrúnar Ýr Sigurðardóttur vonumst við til að ná fram enn frekari fagmennsku í starfið á vegum æskulýðsnefndarinnar.

Heildarfjöldi skráninga var nokkuð minni en í fyrra en það er von okkar að við náum að efla og hvetja félagsmenn okkar til þátttöku á námskeiðum á vegum nefndarinnar.

Starfandi æskulýðsnefnd hefur öðlast mikla reynslu á árinu og mun nota hana á næsta ári til að gera betur og varðveita það sem tókst vel og lengi má gott bæta. Starfið í æskulýðsnefndinni er mikið en jafnframt gefandi, en með breyttu fyrirkomulagi ættu nefndarmenn að hafa meiri tíma í að sinna félagsþættinum sem er ekki síst mikilvægur. Því er mjög mikilvægt að skipuleggja það vel fram í tímann og upplýsa foreldra og forráðamenn vel. Það er mikil búbót í upplýsingamiðlun með tilkomu Facebook og veraldarvefurinn og tölvupóstur til upplýsingamiðlunar.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Harðar

Katrín Sif Ragnarsdóttir formaður